

Reykjavík, 14. desember 2020

R20100225

PON20110025

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14

15006 Útboð - Samþættingarlausn

Tilboð í ofangreindu EES útboði Upplýsingatækniþjónustu þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) Reykjavíkurborgar voru opnuð 25. nóvember 2020.

Eftirfarandi aðilar skiluðu inn tilboði:

1. Advania Ísland ehf.
2. Deloitte ehf.

Lægsta gilda tilboð var frá Advania Ísland ehf., kr. 995.676.690.

Markmið samningsins er að kaupa samþættingarlausn og tryggja Reykjavíkurborg traustan grundvöll (e. platform) fyrir þróun og rekstur samþættingarlausna. Með traustu aðgengi að áreiðanlegum tækniinnviðum eykst sveigjanleiki og geta kaupanda til að styðja við síbreytilegar þarfir sviða og deilda borgarinnar sem veita íbúum og gestum borgarinnar þjónustu.

Markmið með skilvirkri og öruggri samþættingu og stjórnun gagnamiðlunar frá uppruna til notkunar- eða vistunarstaðar er ætlað að auka aðgengi starfsmanna að áreiðanlegum og uppfærðum upplýsingum þvert á kerfi borgarinnar.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð lágstjóðanda m.t.t. krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að lágstjóðandi, Advania Ísland ehf., uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar hefur yfirfarið tilboð Advania og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Upplýsingatækniþjónustan leggur til að gengið verði að tilboði frá Advania Ísland ehf., enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og er jafnframt lágsta gilda tilboðið.

F.h. Upplýsingatækniþjónustu (UTR)

Kári Roman Svavarsson
CTO/Deildarstjóri tæknireksturs og kerfislausna